

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra um skil og skilamáta á FATCA upplýsingum vegna tekjuársins 2017, sbr. FATCA samning Íslands og Bandaríkjanna.

Ríkisskattstjóri hefur ákveðið að tilkynningaskyldar fjármálastofnanir, sbr. o-lið 1. tölul. 1. gr. FATCA samnings Íslands og Bandaríkjanna, sbr. auglýsingu nr. 4/2015 í C-deild Stjórnartíðinda, skuli skila upplýsingum vegna ársins 2017 til ríkisskattstjóra eigi síðar en 31. maí 2018.

1. Tilkynninga- og upplýsingaskylda tekur til reikninga bandarískra aðila (innlánsreikninga, vörslureikninga, váttryggingasamninga að tilteknu peningavirði og lífeyrissamninga). Skila skal m.a. eftirfarandi upplýsingum um ofangreinda reikninga í eigu einstaklinga og lög-aðila ef áreiðanleikakönnun samkvæmt FATCA samningi Íslands og Bandaríkjanna leiðir í ljós að reikningshafi sé bandarískur aðili eins og hann er skilgreindur í ofangreindum samningi:
 - a) Nafni, heimilisfangi og bandarískri skattkennitölu sérhvers tilgreinds bandaríks reikningshafa (einstaklings og lögadila) sem á eða fer með tilkynningaskyldan reikning. Ef reikningshafi er lögadili sem ekki telst vera bandarískur en áreiðanleikakönnun samkvæmt FATCA samningnum leiðir í ljós að lögadilinn hefur einn eða fleiri stjórnandi aðila, sem teljast vera bandarískir aðilar skal skila upplýsingum um nafn, heimilisfang og bandaríska skattkennitölu sérhvers stjórnandi aðila.
 - b) Reikningsnúmeri eða ígildi þess.
 - c) Reikningsstöðu í árslok 2017. Hafi reikningi verið lokað á árinu 2017 skal staða reiknings vera núll.
2. Til viðbótar við framangreindar upplýsingar skal einnig skila eftirfarandi upplýsingum:
 - a) Sé um innlánsreikning að ræða skal skila upplýsingum um heildarfjárhæð greiddra eða tekjufærðra vaxta á árinu 2017.
 - b) Sé um vörslureikning að ræða skal skila upplýsingum um verga heildarfjárhæð greiddra vaxta, verga heildarfjárhæð arðs og verga heildarfjárhæð annarra tekna sem myndast vegna þeirra eigna sem viðkomandi reikningur hefur að geyma og hafa verið færðar sem tekjur inn á reikninginn (eða með tilliti til reikningsins) á árinu 2017. Þá skal jafnframt skila upplýsingum um vergan heildarafrakstur af sölu eða innlausn eignar sem hefur verið greiddur eða færður sem tekjur inn á reikninginn á árinu 2017.
 - c) Sé um að ræða váttryggingasamning að tilteknu peningavirði eða lífeyrissamning skal skila upplýsingum um peningavirði eða endurkaupsvirði.
3. Sé reikningshafi óvirkur erlendur lögadili sem ekki er fjármálastofnun (e. Passive NFFE) sbr. 3. tölul. B-liðar VI. liðar í I. viðauka við FATCA samninginn skal upplýsa um nöfn, heimilisföng og bandarískar skattkennitölur þeirra eigenda lögadilans sem teljast bandarískir aðilar.
4. Ef reikningur er skilgreindur sem eldri reikningur samkvæmt FATCA samningnum og reikningshafi veitir ekki nauðsynlegar upplýsingar um mögulega skattskyldu sína í Bandaríkjunum, skal tilkynningaskylda fjármálastofnunin fara með reikninginn sem andstöðureikning og senda allar nauðsynlegar upplýsingar til ríkisskattstjóra sbr. tölul. 1-3 hér að framan.
5. Tilkynningaskyldar fjármálastofnanir sem hafa enga reikninga í eigu eða umráðum bandarískra aðila, skulu staðfesta að svo sé með því að skila núllskýrslum til ríkisskattstjóra í samræmi við skilalýsingu.

Ef skilað er röngum eða ófullnægjandi upplýsingum til ríkisskattstjóra eða ef þær eru á annan hátt ekki samkvæmt skilalýsingu, skal tilkynningaskylda fjármálastofnunin eftir atvikum greiða þann kostnað sem af því kann að hljóta.

Upplýsingunum skal skilað rafrænt samkvæmt lýsingu á vef ríkisskattstjóra á slóðinni: <https://www.rsk.is/fagadilar/hugbunadarhus/fatca/>.

Allar fyrirspurnir um FATCA gagnaskil má senda á netfangið: gagnaskil@rsk.is.

Auglýsing þessi er birt skv. 92., 93. og 94. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 26. mars 2018.

F.h. ríkisskattstjóra,

Ingvar J. Rögnvaldsson.

Guðrún J. Jónsdóttir.